

## AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

176

28. nóv.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Aðalbrautarréttur á eftirtöldum götum:

**Tryggvagötu.** Aðalbrautarrétturinn gildi þó ekki gagnvart Kalkofnsvegi.

**Mýrargötu.** Aðalbrautarrétturinn gildi þó ekki gagnvart Ánanaustum.

**Ægissíðu.** Aðalbrautarrétturinn gildi þó ekki gagnvart Kaplaskjöli.

**Kleppsvegi.**

**Rauðarárstíg** milli Miklubrautar og Laugavegar. Aðalbrautarrétturinn gildi þó ekki gagnvart Laugavegi og Miklubraut.

2. Bann við bifreiðastöðum á eftirtöldum götum:

**Lindargötu,** sunnanmegin götunnar frá Frakkastíg að Vitastíg.

**Skúlagötu,** norðanmegin götunnar frá Ingólfsstræti að Skúlatorgi.

3. Biðskylda á eftirtöldum götum:

**Lokastíg** gagnvart umferð um Njarðargötu.

**Múlavegi** við Laugarásveg.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 28. nóvember 1961.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

## REIKNINGUR

177

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs hins Tíunda  
og Alexandrine drottningar árið 1960.

**Tekjur:**

1. Sjóður í ársbyrjun:

Innstæða í Söfnunarsjóði nr. 706 ..... kr. 39173.93

2. Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu ..... — 2546.31

---

Kr. 41720.24

**Gjöld:**

Innstæða í Söfnunarsjóði til næsta árs ..... kr. 41720.24

---

Kr. 41720.24

*Í félagsmálaráðuneytinu, 29. maí 1961.*

**Hjálmar Vilhjálmsson.**